

hina umstefndu fjárhæð, kr. 15.900.00, ásamt vöxtum, eins og krafa er gerð um, en málskostnaður, þar með talinn kostnaður við matsgerð, þykir hæfilega ákveðinn kr. 4.500.00.

Jón G. Tómasson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna ásamt meðdómsmönnum Einari B. Kristjánssyni trésmíðameistara og Ólafi Jenssyni verkfræðing.

Dómsorð:

Stefndi, Jónatan Jóhannesson, greiði stefnanda, Valdimar Ásgeirssyni, kr. 15.900.00 með 6% ársvöxtum frá 6. maí 1958 til greiðsludags og kr. 4500.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 8. nóvember 1961.

Nr. 36/1961. **Afgreiðsla smjörlikisgerðanna h/f**
(Árni Guðjónsson hrl.)

gegn

Skiptaráðandanum í Vestmannaeyjum f. h.
Protabús Þingvalla h/f (Páll S. Pálsson hrl.).

Dómian skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Krafa, sem lýst var í protabú, að liðnum innköllunarfresti, eigi tekin til greina við úthlutun úr búinu.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógeta í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. febrúar 1961. Krefst hann þess, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og að dæmt verði, að við úthlutun úr protabúi Þingvalla h/f skuli tekin til greina meðal almennra krafna krafa hans, að fjárhæð aðallega kr. 22.513.22, en til vara kr. 14.018.35. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Eins og greinir í hinum áfrýjaða úrskurði, var bú Þingvalla h/f tekið til gjaldþrotaskipta hinn 30. ágúst 1958. Gefin var út og birt opinber innköllun til lánardrottna samkvæmt 6. gr. laga nr. 25/1929, sbr. 2. gr. laga nr. 19/1924, og lauk kröfulýsingarfresti hinn 17. janúar 1959. Þar sem áfrýjandi lýsti ekki kröfu sinni í búið fyrr en í apríl-mánuði 1959 og hún hefur sætt andmælum lánardrottna, hefur hann samkvæmt 3. mgr. 22. gr. laga nr. 3/1878, sbr. 90. gr. og 81. gr. sömu laga, glatað rétti til þess að fá hana tekna til greina við úthlutun af eignum þrotabúsins, sbr. og fyrrgreindar 6. gr. laga nr. 25/1929 og 2. gr. laga nr. 19/1924. Skiptir ekki máli um þetta, þó að skuldar Þingvalla h/f við áfrýjanda hafi verið getið á skuldalista, sem stjórnendur nefnds félags afhentu skiptaráðanda.

Með framanskráðum athugasemdum ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða úrskurðar. Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Afgreiðsla smjörlíkisgerðanna h/f, greiði stefnda, skiptaráðandanum í Vestmannaeyjum f. h. þrotabús Þingvalla h/f, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður skiptadóms Vestmannaeyja 3. desember 1960.

Með greinargerð, dags. 26. nóvember s.l., framlagðri í skiptarétti Vestmannaeyja, hefur Árni Guðjónsson hæstaréttarlögmaður gert þá kröfu, að krafa umbjóðanda hans, Afgreiðslu smjörlíkisgerðanna h/f, á hendur þrotabúi Þingvalla h/f verði tekin til greina við skipti á búinu, aðallega eins og hún var gerð í kröfu í kröfulýsingarbréfi 6. apríl 1959, kr. 22.513.22, auk kostnaðar, en til vara, eins og þrotamaður lýsti henni við gjaldþrotauppgjöf, kr. 14.018.35. Svo krafðist hann málskostnaðar sér til handa.

Jón Hjaltason héraðsdómslögmaður og Friðþjófur G. Johnsen

héraðsdómslögmaður, sem gættu hagsmuna margra kröfuhafa í þrotabúi Þingvalla h/f, andmæltu kröfu þessari og kröfðust þess, að hún yrði ekki tekin til greina við skipti á eignum bú-ins. Jafnframt kröfðust þeir málskostnaðar úr hendi sækjanda. Jón Hjaltason héraðsdómslögmaður fór með umboð fyrir þessa kröfuhafa í búinu:

Bæjarsjóð Vestmannaeyja,
Guðlaug Gíslason,
Kjartan Friðbjarnarson,
Kjartan Friðbjarnarson & Co.,
Hjálmar Eiðsson,
Einar Jónsson,
Banasöluna,
Ingvar Ingvarsson,
Mjólkursamsöluna,
Flugfélag Íslands h/f,
Karl Kristmanns,
Snorra Árnason,
Árna J. Johnsen,
Sölufélag Garðyrkjumanna,
Kaupfélag Vestmannaeyja,
Samband íslenskra samvinnufélaga,
Kristján Friðbergsson,
Sigurjón Sigurðsson,
Magnúsarbakarí,
Verzlunarfélagið Reykjafoss h/f og
Bifreiðastöð Vestmannaeyja.

Friðþjófur G. Johnsen héraðsdómslögmaður fór með umboð fyrir þessa kröfuhafa:

Bæjarbúðina h/f,
Ágústu Traustadóttur og
Pétur Pétursson.

Síðast í ágúst mánuði 1958 sneri stjórn Þingvalla h/f sér skriflega til skiptaréttarins í Vestmannaeyjum og óskaði eftir, að fyrirtækið yrði tekið til gjaldprotaskiptameðferðar. Var þá búið að loka verzlunum fyrirtækisins og allar vörubirgðir kyrrsettar með löghaldsgerð, sem hófst 13. ágúst. Taldi stjórn félagsins, að hag þess væri þann veg komið, að það ætti ekki lengur fyrir skuldum. Lagði stjórnin jafnframt fram yfirlit yfir hag félagsins og skrá yfir bókfærðar skuldir þess pr. 16. ágúst 1958. Meðal skuldheimtumanna samkvæmt þeirri skrá var sækjandi, Afgreiðsla

smjörlikisgerðanna h/f, og inneign hans talin kr. 14.018.35, en við endurskoðun á bókhaldi félagsins kom þó fram síðar, að þar var krafa sækjanda talin kr. 1.102.35. Beiðni stjórnarinnar var tekin til greina og félagið úrskurðað gjaldþrota 30. ágúst 1958. Innköllun til skuldheimtumanna var gefin út 1. september og birt í Lögbirtingablaðinu 6., 13. og 17. september 1958. Kröfulýsingarfrestur rann því út 17. janúar 1959.

Er kröfulýsingarfresti lauk, hafði mörgum kröfum verið lýst í búíð, er námu að fjárhæð rúmum tveimur milljónum króna. Sumir þeirra skuldheimtumanna, sem taldir voru upp í áður-greindri skrá, er lögð var fram við upphaf gjaldþrotaskipta, lýstu þó ekki kröfum sínum, meðan á innköllunarfresti stóð, og meðal þeirra var sækjandi. Að innköllunarfresti liðnum, var gerð skrá yfir lýstar kröfur og hún lögð fram á skiptafundi í búinu 20. janúar 1959. Á næsta skiptafundi, er haldinn var 2 vikum síðar, komu fram athugasemdir og mótmæli gegn mörgum hinna lýstu krafna, og hlaut sá ágreiningur afgreiðslu smám saman og á ýmsan hátt, meðan á skiptameðferð stóð.

Fyrri hluta aprílmánaðar 1959 barst skiptaréttinum bréf frá umboðsmanni sækjanda, dags. 6. apríl 1959, og var á þessa leið:

„Krafa Afgreiðslu smjörlikisgerðanna h/f í protabú Þingvalla h/f mun hafa verið talin kr. 17.000.00.

Ég leyfi mér nú að senda nákvæma upphæð kröfunnar ásamt víxlum og skilríkjum. Samkvæmt því er krafan kr. 22.900.70 auk vaxta frá falldegi víxlanna til 1. maí 1959, kr. 1.135.66, og innheimtukostnaðar samkvæmt taxta, kr. 2.250.00, eða alls kr. 26.286.33.“

Bréfinu fylgdu 5 víxlar, allir samþykktir af Lofti Magnússyni sem prókúruhafa fyrir hönd Þingvalla h/f með gjalddögum í ágúst, september og október 1958, en út gefnir í júní, júlí og ágúst s. á., þar af einn 15. ágúst eða sama dag og verzluninni var lokað. Allir höfðu víxlarnir verið seldir Útvegsbanka Íslands h/f og innleystir á tímabilinu 18. ágúst til 18. nóvember 1958.

Allöngu eftir að bréf þetta barst skiptaréttinum, var samin ný skrá yfir lýstar kröfur og þær reiknaðar út með vöxtum og kostnaði. Á skrá þessa var tekin krafa sækjanda í samræmi við ofangreint bréf. Skráin var lögð fram á skiptafundi 29. október 1959, og á skiptafundi daginn eftir var henni andmælt sem of seint fram kominni eða of seint lýstri. Voru þá þrír lögfræðinagr mættir á fundi, er fóru með umboð fyrir yfirgnæfandi meirihluta kröfuhafa. Stóðu þeir allir að þessum andmælum.

Sala á eignum búins og innheimta útistandandi skulda tók langan tíma og var fyrst lokið á síðastliðnu hausti. Var þá samíð frumvarp að úthlutunargerð og krafa sækjanda ekki tekin með. Var umboðsmanni sækjanda tilkynnt þetta með bréfi, dags. 10. nóvember s.l. Hann vildi ekki una þeirri afgreiðslu og krafðist þess, að krafa sín yrði tekin til greina á þann veg, sem að framan er lýst. Að lokinni sáttaumleitan og gagnaöflun, var at-riðið lagt undir úskurð í gær.

Ágreiningsatriðið, er hér liggur fyrir, snýst eingöngu um, hvort krafa sækjanda sé niður fallin að einhverju leyti eða öllu, vegna þess að hann hafi látið undir höfuð leggjast að lýsa henni fyrir skiptaráðanda innan loka innköllunarfrests. Sækjandi telur, að krafa sín sé enn í fullu gildi, þar eð hún hafi verið gefin upp af forsvarsmönnum Þingvalla h/f, er óskað var eftir gjaldþrota-skiptameðferð, og síðan hafi kröfunni verið endanlega lýst með bréfinu frá 6. apríl 1959, löngu áður en leið að lokum skipta í búinu. Um óeðlilegan drátt væri ekki að ræða, þar sem endanleg kröfulýsing gat ekki farið fram, fyrr en búíð var að innleysa víxlana. Svo virðist hann og einnig telja, að krafan hafi verið viðurkennd af búinu, og upplýsir, að hann hafi tekið þátt í fundi kröfuhafa í Reykjavík, sem þar var haldinn haustið 1958 og fjallaði um tillögur um meðferð búins.

Öllum þessum rökum er andmælt af hálfu gagnaðilja.

Eins og rakið er hér að framan, var kröfu sækjanda andmælt á skiptafundi, jafnskjótt og tilefni var til. Verður því ekki fallizt á, að hún hafi verið viðurkennd af búinu, hvorki beinlínis né óbeinlínis. Fyrirliggjandi gögn gefa til kynna, að sækjanda var innan handar að halda kröfu sinni fram með eðlilegum hætti. Lýsing hans á kröfu sinni getur ekki talizt nægjanleg til þess að halda henni í gildi gagnvart búinu. Verður því ekki unnt með tilvísun til ákvæða 3. gr. laga nr. 25/1929 og 2. gr. laga nr. 19/1924 að taka kröfu sækjanda í máli þessu að neinu leyti til greina.

Eftir atvikum þykir rétt að dæma sækjanda til að greiða gagnaðiljum, Jóni Hjaltasyni héraðsdómslögmanni vegna sinna kröfuhafa og Friðþjófi G. Johnsen héraðsdómslögmanni vegna sinna kröfuhafa, kr. 300.00 í málskostnað til hvors um sig.

Ályktarorð:

Krafa Afgreiðslu smjörlikisgerðanna h/f, kr. 22.513.22, á

hendur þrotabúi Þingvalla h/f skal ekki tekin til greina við úthlutun úr búinu.

Sækjandi, Árni Guðjónsson vegna Afgreiðslu smjöríkisgerðanna h/f, greiði Jóni Hjaltasyni héraðsdómslögmanni vegna tilgreindra kröfuhafa og Friðþjófi G. Johnsen héraðsdómslögmanni vegna áðurgreindra kröfuhafa hvorum um sig kr. 300.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu úrskurðar þessa.

Úrskurðinum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 10. nóvember 1961.

Nr. 184/1960. **Hrafn Jónsson** (Gústaf Ólafsson hrl.)

gegn

Guðmundi Óskari Guðmundssyni

(Haukur Jónsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og Ármann Snævarr prófessor.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 31. október 1960 og krafizt sýknu og málskostnaðar af stefnda i héraði og hér fyrir dómi.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Nokkur ný gögn i máli þessu hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Eigi er i ljós leitt, að sprengjuhylki þau, sem i málinu greinir, hafi borizt inn á verkstæði áfrýjanda með vitund eða vilja áfrýjanda eða manna, er hann bar ábyrgð á. Eins og sprengjuhylkjum þessum var háttað, verður greindum aðiljum eigi metið til vangæzlu, að þeir veittu hylkjunum ekki eftirtekt og fjarlægðu þau. Að svo vöxnu máli, og þar